

13. febrúar 2015

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
105 Reykjavík

**EFNI:** Umsögn um tillögu til kynningar á landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Stjórn Ferðafélags Íslands (FÍ) hefur kynnt sér tillögu Skipulagsstofnunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026. FÍ leggur fyrst og fremst áherslu á að vernd miðhálandis Íslands og að öll uppbygging þar verði hófstíllt en um leið myndarleg og vönduð. Þannig fari saman vernd og aðgengi ferðamanna án þess að náttúru sé spillt. FÍ bendir á þá gífurlegu fjölgun ferðamanna sem væntanleg er umræddu 10 ára tímabili 2015-2106 og að grípa verði til nýrra og róttækari aðferða til verndunar miðhálandisins.

1. Landsskipulagsstefna 2015-2026 þarf að vera mun afdráttarlausari og beinskeyttari í orðavali um verndarstefnu fyrir miðhálandi Íslands.
2. Náttúruverndar- og útivistarsamtök á Íslandi þ.m.t. stjórn Ferðafélags Íslands hafa mótað skýra sýn um vernd miðhálandisins sem einnar samfelldrar heildar. Samstarf Landverndar við ferða- og útivistarfélag um verkefnið Hálandið – hjarta landsins kveður á um að vinna að vernd hálandis Íslands þannig að náttúru þess verði ekki raskað frekar af mannavöldum. Félagin leggjast gegn allri stórfelldri mannvirkjagerð og áníðslu á hálandinu, svo sem uppbyggðum vegum, hótelum, umferð umfram þolmörk svæða, ofbeit, háspennulínur, borplönur og virkjunum og telja að slík mannvirki eigi ekki heima á hálandi Íslands. Sérstaklega verði gætt að vernd óraskaðra svæða og víðerna. Ekki verði farið farið inn á slík svæði með nýjar framkvæmdir, vegagerð og önnur umsvif sem spilla víðerni og óbyggðakýrrð.
3. Landsskipulagsstefna 2015-2026 kveði mun fastar að orði um að skipulag sveitarfélaga á miðhálandinu miði að verndun náttúru og að allur rekstur og umsvif falli að því afdráttarlausu markmiði.

Virðingarfyllt:  
Stjórn Ferðafélags Íslands.